Vegna: Máls nr. 0664/2026, Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svörtu Sandar, vegslóði og bílastæði. (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Ég vil benda á fjölbreytt fuglalíf í tjörnunum sitthvoru megin við veginn. Þar sem búið er að teikna bílastæði.

Höfundur: Drífa Antonía Ragnarsdóttir

Sent inn þann: 06.06.2026

Vegna: Máls nr. 0664/2026, Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svörtu Sandar, vegslóði og bílastæði. (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Góðan dag
Um leið og ég fagna fyrirhuguðum framkvæmdum við nýjan veg vil ég benda á að fyrirhuguð bílastæði, norðan við nýja veginn eru ofan í tjörn þar sem er mikið af óðinshana. Mjög auðvelt væri að hafa bílastæðin aðeins norðar, t.d. þar sem vestara fuglaskoðunarhúsið er. Sjá meðfylgjandi mynd.

Höfundur: Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir

Sent inn þann: 15.06.2026

Viðhengi:

2.1.Nýr vegur sandar.png

Vegna: Máls nr. 0664/2026, Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svörtu Sandar, vegslóði og bílastæði. (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Svörtu Sandar? Þetta nafn á svæðinu heyrir maður bara hjá ferðamönnum sem spyrja um leiðina út á Sanda og hjá þeim sem eru ekki kunnugir staðháttum. Við eigum fjölmörg falleg örnefni á þessu svæði en Svörtu Sandar eru ekki þar á meðal. Fyrir þá sem þekkja ekki til er gott að skoða t.d. örnefnakortið eftir Eyjólf frá Framnesi, kortasjá Djúpavogs og örnefnavef Landmælinga. Kveðja Unnur í Dölum á Djúpavogi.

Höfundur: Unnur Malmquist Jónsdóttir

Sent inn þann: 15.06.2026

Vegna: Máls nr. 0664/2026, Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svörtu Sandar, vegslóði og bílastæði. (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Mig langar að gera athugasemd við framsetningu Múlaþings vegna nafnsins "Svörtu Sandar" (já meira að segja í öllu kynningarefni er S-ið í sandar haft stórt).

Þetta örnefni "Svörtu Sandar" er hvergi til og hefur aldrei verið notað í daglegu tali meðal Djúpavogsbúa. Hið rétta er að sandurinn við flugvallarendann heitir Úlfseyjarsandur. Þetta svæði hefur í gegnum tíðina verið nefnt Útland (Búlandsnes skiptist í Norðurland, Suðurland og Útland). Vissulega tala Djúpavogsbúar um að fara út á sanda og einnig er talað um sandana á Búlandsnesi, en Svörtu Sandar er eitthvað nýtilkomið orðskrípi sem ég heimta að verði útrýmt.

Sjá meðfylgjandi mynd með örnefnum. Vegurinn verður því lagður yfir Nýjalón, framhjá Ormarshólma og Hörganeshólmum og enda úti á Úlfseyjarsandi.

Höfundur: Ólafur Björnsson

Sent inn þann: 15.06.2026

Viðhengi:

4.1.image.png

Vegna: Máls nr. 0664/2026, Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svörtu Sandar, vegslóði og bílastæði. (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Eg mæli með að svæðið verði algerlega óbreytt . Verði alveg eins og það er í dag. Nóg svæði fyrir rútur að snúa og bílastæði. kostar ekki krónu fyrir múlaþing

Fyrir hverja eru þessar breytingar? Fólk sem býr á Djúpavogi eða fólk sem heimsækir Djúpavog?
Ps eg held að eg sé sá sem var fluttur síðast fljúgandi frá þessum flugvelli... það var 1997 og eg var sóttur af þyrlu....

Höfundur: Pálmi Fannar Smárason

Sent inn þann: 15.06.2026

Vegna: Máls nr. 0664/2026, Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svörtu Sandar, vegslóði og bílastæði. (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Nokkrar athugasemdir :

Gott væri nú ef að við gætum sleppt því að kalla þetta Svörtu sanda. Ég er ekki með tillögu af nafni, (tilefni til nafnasamkeppni ?)

Ég vona að það takist að vera með sem minnst rask á svæðinu. Það er náttúran og fuglalífið sem þarna er til að njóta. Til dæmis á ég við að það verði ekki farið að sækja steina ættaða úr Rauðuskriðum til að marka bílastæði eða annað þ.h.
Litla tjörnin sem er áætlað að fylla upp, er að mínu mati óþarfa rask og minna mál er að gera þetta bílastæði á þurru landi sem er þarna allt umhverfis s.s. gamlir vegslóðar.
Ég vil undirstrika að mínu mati á að lágmarka allar framkvæmdir á svæðinu og gera aðeins það allra nauðsynlegasta.

Það er líka spurning hvort að rútubílastæði við enda vegslóðans, úti á söndunum sé ekki of mikið mál eða mikil og dýr framkvæmd. Vona ég bara að þetta verði vel gert og vel hugsað alla leið, ef af verður.

Þór Vigfússon.
Sólhól, Djúpavogi.

Höfundur: Þór Vigfússon

Sent inn þann: 16.06.2026

Vegna: Máls nr. 0664/2026, Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svörtu Sandar, vegslóði og bílastæði. (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Mig langar að byrja á að benda á nafnið, ég hef aldrei heyrt talað um umrætt svæði sem Svörtu sanda og legg til að sveitarfélagið notist við örnefni frá þessu svæði, það er nóg af þeim. Næst langar mig að benda á að það virðist vera gert ráð fyrir bílastæði í Óðinshanatjörninni, sem ég upplifi sem mikla óvirðingu við náttúruna. Að mínu viti stangast þetta verulega á við þá stefnu sem Djúpavogshreppur setti fram í því aðalskipulagi sem verið er að uppfæra. Auk þess sem þetta stangast á við hæglætisstefnu Cittaslow sem Djúpavogshreppur ákvað að vinna eftir árið 2013. Í þeirri stefnu er markmiðið að auka lífsgæði og ánægju þeirra sem búa á svæðinu, með því að leggja áherslu á fjölbreytni, sérstöðu og virðingu. Þar er sérstaklega lögð áhersla á að beina sjónum að því einstaka í hverju samfélagi og hlúa að innviðum þess, þ.á.m, gæðum umhverfis. Að líta þurfi á náttúru svæðisins sem auðlind, og ef sú auðlind á að efla lífsgæði íbúa, þarf samtalið við íbúa að vera með öðrum hætti. Í Cittaslow hugmyndafræðinni er mikil áhersla á þátttöku íbúa til að móta sitt umhverfi. Mín skoðun er að þegar gera á svona óafturkræfanlegar breytingar, þurfi sveitarfélagið að taka meira tillit til íbúalýðræðis. Með þessari breytingu er óðinhanatjörninni, sem margir íbúar fylgjast með á hverju vori, breytt í bílastæði. Skautasvellið er þverað með vegslóðum og bílastæði. Ég tel að um þetta mál þurfi að vera sátt í nærsamfélaginu og mín upplifun er að svo sé ekki. Sérstaða okkar hér í gamla Djúpavogshreppi er að finna hæglætinu stað og taka markviss skref í þá átt. Ég sé ekkert í þessari sviðsmynd sem styður það og sé ekki að með þessari framkvæmd sé sérstaða gamla Djúpavogshrepps höfð að leiðarljósi.

Höfundur: Þorbjörg Sandholt

Sent inn þann: 16.06.2026

Vegna: Máls nr. 0664/2026, Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svörtu Sandar, vegslóði og bílastæði. (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Framkvæmdir við vegagerð á þessu svæði virðast geta
falið í sér verulegan kostnað vegna aðstæðna á svæðinu, einkum vegna mikillar sandhreyfingar og óstöðugs undirlags. Að mínu mati ætti að skoða þann kost að leggja veginn meðfram núverandi flugvelli í stað fyrirhugaðrar legu.

Áður en ákvörðun er tekin um legu vegarins tel ég
mikilvægt að afla upplýsinga frá Isavia um raunverulega notkun flugvallarins síðustu 10–15 ár, þar á meðal fjölda lendinga og brottfara. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að hægt sé að meta með málefnalegum hætti hvaða áhrif hugsanlegar breytingar á svæðinu gætu haft á starfsemi flugvallarins og hvort aðrir valkostir komi til greina.

Jafnframt tel ég afar mikilvægt að áður en ráðist verður
í framkvæmdir liggi fyrir ítarleg greining á umfangi þeirra, þar á meðal jarðvinnu, efnisflutningum, burðarlagi, frárennslismálum, frágangi og þeim varnaraðgerðum sem nauðsynlegar kunna að vera vegna sandburðar og sandhreyfinga á svæðinu.

Einnig tel ég nauðsynlegt að unnin verði vönduð og raunhæf kostnaðaráætlun sem taki mið af öllum þáttum framkvæmdarinnar, auk framtíðarkostnaðar vegna viðhalds og hugsanlegra úrbóta. Mikilvægt er að þessar upplýsingar liggi fyrir og verði kynntar íbúum áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina, þannig að almenningi gefist kostur á að kynna sér áætlaðan kostnað og forsendur verkefnisins. Að mínu mati er eðlilegt að fullnægjandi kostnaðarmat og samanburður á mögulegum valkostum liggi fyrir áður en ráðist er í jafn umfangsmiklar framkvæmdir.

Höfundur: Ester Sigurásta Sigurðardóttir

Sent inn þann: 17.06.2026

Vegna: Máls nr. 0664/2026, Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svörtu Sandar, vegslóði og bílastæði. (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Mér finnst áhugavert hvernig ósk íbúa um að aðgengi þeirra að söndunum sé tryggt hefur leitt af sér að nú sé á teikniborðinu svona risastór og umfangsmikil framkvæmd.
Ég upplifi þetta svolítið eins og að biðja um reiðhjól en fá í staðinn 40 manna rútu.
Af gögnum málsins að dæma lítur út fyrir að Múlaþing ætli sér að gera “Svörtu sanda” að vinsælum ferðamannastað. Það samtal hefur ekki verið tekið formlega við íbúa.

Þá hefur að sama skapi ekki verið tekin sú umræða með íbúum hvaða sviðsmyndir eru í boði og hvað hver og ein hefur í för með sér með kostum og göllum. Vilja íbúar virkilega halda flugvellinum ef það kostar okkur tugi milljóna og mikið rask að búa til uppbyggðan veg í vatni?

Það er áhugavert að rýna í hvernig þessi tillaga er framsett og hvað segir í fylgigögnunum. Eins og mörg hafa þegar bent á er notkun á heitinu “Svörtu sandar” augljóst merki þess að málið hefur að mestu leyti verið unnið af fólki sem ekki er kunnugt staðháttum. Það endurspeglast svo ennfremur í því að lagt sé til að Óðinshanatjörninni sé breytt í bílastæði.

Suðausturhorn landsins er fyrsti og síðasta viðkomustaður mjög margra farfuglategunda sem dvelja á Íslandi yfir sumartímann. Tegundafjölbreytni á þessu svæði er því mjög mikil og óvarlegt að fara í framkvæmdir án þess að búið sé að meta áhrif þeirra.

Ástæða þess að fólk sækir í að njóta þessa svæðis er vegna náttúrunnar. Það skýtur því mjög skökku við að þetta mál hafi ekki verið skoðað fyrst og síðast út frá þeim áhrifum sem þessar stóru framkvæmdir og aukin straumur fólks á svæðið munu hafa á hana, ef byggja á upp formlegan ferðamannastað. Í fylgigögnum frá Náttúrufræðistofnun segir ,,Litlar upplýsingar um náttúrufar fylgja með umsókninni”. Að mínum dómi ættu þær að vera á meðal aðalgagna í málinu.

Verði þessi framkvæmd að veruleika mun hún kosta mikla fjármuni, það er augljóst. Það er undarlegt að biðja íbúa um að segja hug sinn á framkvæmd án þess að í það minnsta einhver viðmiðunar kostnaðaráætlun fylgi með til upplýsingar.
Væntanlega yrði hægt að sækja um fyrir hluta þeirra til Uppbyggingarsjóðs ferðamannastaða en ekki alls.
Mættum við þá vænta þess að við þessi fínu bílastæði verið sett upp gjaldskylda?

Höfundur: Íris Birgisdóttir

Sent inn þann: 17.06.2026

Vegna: Máls nr. 0664/2026, Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svörtu Sandar, vegslóði og bílastæði. (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Ég er á móti þessum vegi.
Einu sinni var slóði austan megin við flugbrautina, þar sem sandspyrnan var ì gamla daga, sem kannski mætti nota ef ekki má keyra á flugbrautinni eins og nú er gert.
Og þurfum við bílastæði?

Höfundur: Anna Sigrún Gunnlaugsdóttir

Sent inn þann: 17.06.2026

Vegna: Máls nr. 0664/2026, Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svörtu Sandar, vegslóði og bílastæði. (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Umsögn vegna grenndarkynningar um framkvæmdaáform við Svörtu Sanda á Búlandsnesi við Djúpavog

Ég vil hér með koma á framfæri athugasemdum mínum við fyrirhugaðar framkvæmdir við Svörtu Sanda á Búlandsnesi.

Í fyrsta lagi vil ég benda á að svæðið nýtur hverfisverndar og því ber að gæta sérstakrar varúðar við allar framkvæmdir á svæðinu. Samkvæmt gildandi skilmálum hverfisverndar skal svæðið njóta verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess haldist og að áfram verði hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni. Heimil eru minniháttar mannvirki og landmótun sem falla að nýtingu svæðisins til almennrar útivistar, svo sem stígar, skilti, áningarstaðir og bílastæði.

Að mínu mati falla fyrirhugaðar framkvæmdir illa að þessum markmiðum. Hér er ekki einungis um að ræða minniháttar landmótun heldur umfangsmiklar vegaframkvæmdir sem munu óhjákvæmilega hafa áhrif á ásýnd og dýralíf svæðisins og þar með sjónrænt gildi þess. Ég tel því að erfitt sé að halda því fram að framkvæmdin styðji markmið hverfisverndar eins og fram kemur í bókun Heimastjórnar vegna máls nr. 202410056.

Sérstakar áhyggjur hef ég af fyrirhugaðri staðsetningu bílastæðis ofaní tjörn sem hefur í mörg ár verið mikilvægt búsvæði óðinshana. Þrátt fyrir að tjörnin sé manngerð hefur fuglinn haldið sig þar um árabil og orðið hluti af staðbundnu vistkerfi. Auk þess hefur svæðið verið nýtt til fræðslu fyrir börn á grunnskólaaldri sem hafa fengið þar tækifæri til að kynnast fuglalífi og náttúru svæðisins. Ég tel að framkvæmdir á þessu svæði geti haft neikvæð áhrif á búsvæði fuglsins og upplifun þeirra sem nýta svæðið til útivistar og náttúruskoðunar.

Ég tel að mögulegt sé að finna aðra staðsetningu fyrir bílastæðið, til dæmis þar sem gamli og nýi vegurinn að lendingarstaðnum mætast, án þess að raska búsvæði óðinshanans.

Þá vil ég benda á að fyrirhuguð staðsetning bílastæðisins á Svörtu Söndum er á svæði þar sem börn leika sér mikið yfir sumartímann. Þar myndast gjarnan litlir, sólhitaðir pollar sem hafa lengi verið vinsælt og náttúrulegt leiksvæði fyrir börn og fjölskyldur. Með framkvæmdunum yrði þessu útivistarsvæði raskað verulega og þar með dregið úr þeim gæðum sem svæðið hefur í dag fyrir íbúa og gesti.

Einnig vil ég benda á að austan við lendingarstaðinn er fyrir hendi eldri slóði sem áður var meðal annars nýttur vegna sandspyrnu. Ég tel mikilvægt að skoðað verði hvort hægt sé að nýta eða bæta þann slóða frekar í stað þess að ráðast í nýjar og umfangsmiklar framkvæmdir á viðkvæmu verndarsvæði. Með slíkri lausn mætti hugsanlega tryggja aðgengi heimamanna að Söndunum án þess að raska búsvæðum fugla, leiksvæðum barna eða öðrum náttúru- og útivistargæðum svæðisins.

Ég velti einnig fyrir mér fjármögnun verkefnisins. Miðað við umfang framkvæmdarinnar virðist ljóst að kostnaður geti orðið verulegur. Mikilvægt er að skýrar upplýsingar liggi fyrir um áætlaðan heildarkostnað, hvernig framkvæmdin verði fjármögnuð og hvaða áhrif hugsanlegar kostnaðarhækkanir geti haft á sveitarfélagið og aðra fjármögnunaraðila.

Í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram virðist jafnframt skorta ítarlegar rannsóknir á undirlagi og setmyndun á framkvæmdasvæðinu. Ekki kemur skýrt fram hvernig metið hefur verið hversu mikið efni muni síga eða færast til þegar framkvæmdir hefjast. Fyrir svo umfangsmikið verkefni tel ég nauðsynlegt að slíkar rannsóknir liggi fyrir áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina.

Svæðið er jafnframt þekkt fyrir fjölbreytt fuglalíf og mikilvægt er að metin verði áhrif framkvæmdanna á fugla og annað dýralíf, bæði til skemmri og lengri tíma. Ég tel að fyrirliggjandi gögn sýni ekki nægilega vel fram á hvaða áhrif framkvæmdin muni hafa á lífríki svæðisins.

Einnig vaknar sú spurning hver sé raunverulegur tilgangur framkvæmdarinnar og hverjir njóti hennar helst. Ekki virðist vera þörf fyrir jafn umfangsmikið bílastæði fyrir þá sem búa á staðnum og nýta svæðið reglulega. Mikilvægt er að skýrt liggi fyrir hvaða þarfir framkvæmdinni er ætlað að mæta og hvort hægt sé að ná þeim markmiðum með minna íþyngjandi aðgerðum.

Varðandi lendingarstaðinn sjálfan vekur athygli að ekki liggja fyrir sýnilegar rannsóknir eða ítarlegt mat á notagildi hans til framtíðar. Mikilvægt er að staðfest sé með faglegum hætti hvort lendingarstaðurinn geti í raun þjónað þeim tilgangi sem honum er ætlaður áður en ráðist er í kostnaðarsamar framkvæmdir. Ef lendingarstaðurinn getur ekki nýst fyrir sjúkraflug eða aðra mikilvæga starfsemi vakna eðlilegar spurningar um hagkvæmni verkefnisins og hvort um sé að ræða skynsamlega ráðstöfun fjármuna.

Að lokum vil ég beina þeirri spurningu til framkvæmdaraðila hvaða áætlanir liggi fyrir um framtíðarviðhald vegarins. Svæðið einkennist af miklu sandfoki, sjávarroki og vatnsfoki, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Eðlilegt er að gera ráð fyrir verulegri uppsöfnun sands, íss og svells á veginum og því þarf að liggja fyrir raunhæf áætlun um árlegan viðhaldskostnað og hvernig honum verður mætt til framtíðar.

Með hliðsjón af framangreindu tel ég mikilvægt að frekari rannsóknir, kostnaðargreiningar og samanburður á valkostum fari fram áður en endanleg ákvörðun um framkvæmdina verður tekin.

Og Min persónulega skoðun er að svæðið á að haldast óbreytt og frekar ráðist í vinnu við að finna út hvert raunverulegt notagildi lendingarstaðar er og svo skoða hvort það þurfi einhverjar framkvæmdir yfir höfuð á svæðinu og ef svo er þá Skoða umfangsminni aðgerðir á svæðinu einsog að nota gamlan slóða.

Höfundur: Ólöf Rún Stefánsdóttir

Sent inn þann: 17.06.2026

Vegna: Máls nr. 0664/2026, Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svörtu Sandar, vegslóði og bílastæði. (Grenndarkynning framkvæmdaleyfis)

Athugasemd:

Góða kvöldið. Viðlögð er umsögn frá Landvernd, umhverfissamtökum.

Höfundur: Þorbjörg Eva Erlendsdóttir

Sent inn þann: 17.06.2026

Viðhengi:

13.1.Mu´laþing - framkvæmd a´ verndarsvæði_.pdf

LANDVERND

Múlaþing

17. Júní 2026

Mál nr. 664/2026

Berist: Byggingarfulltrúi
Sent á skipulagsgatt@skipulagsgatt.is

Umsókn um framkvæmdaleyfi, Svartir Sandar, vegslóði og bílastæði.

Íbúar á svæðinu hafa leitað til Landverndar sem er ljúft og skylt að bregðast við ábendingum sem varða áformaða framkvæmd. Landvernd vill í upphafi vinsamlega benda á nokkra efnisþætti sem koma fyrir í texta með kynningu málsins á skipulagsgátt en sú kynning er þó efnislítil sé tekið tillit til stærðar framkvæmdar. Í fyrsta lagi er vert að benda á að heiti þessara áforma sem sett eru fram eru ekki í samræmi við staðarheiti framkvæmdasvæðis en það kemur víða fram í athugasemdum frá íbúum. Staðarheitið er hins vegar alls ekki aðalatriðið í þessu máli heldur hvernig þessi framkvæmd í ljósi stærðar á viðkvæmu svæði er kynnt til sögunnar, þ.e. með grenndarkynningu, en að mati Landverndar er fjarri lagi að svo viðamikil áformuð framkvæmd á hverfisvernduðu svæði sem hefur að geyma viðkvæmt lífríki/náttúrufar eigi aðeins að lúta lágmarkskynningu án raunverulegra upplýsinga um svæðið og framkvæmdina og/eða hvernig fyrirhugað er að standa að henni. Eðlilegt hefði verið að sveitarfélagið hefði gefið sér viðeigandi tíma og sett málið fram í upplýsandi ferli til umsagnar með skipulagslýsingu, en það vekur eðli málsins samkvæmt athygli að slíka lýsingu er ekki að finna, hvorki um framkvæmdina sjálfa né umfjöllun um hvað þetta hverfisverndarsvæði hefur að geyma og af hverju sveitarfélagið Djúpavogshreppur ákvað að meta svæðið svo mikilvægt að það bæri að vernda það sérstaklega. Eðlilegt ferli við svo stóra framkvæmd á jafn viðkvæmu verndarsvæði væri því að fara með framkvæmdina í heildstætt skipulagsferli með sérstakri skipulagslýsingu og kynningu á breytingu í aðalskipulagi og deiliskipulagi þar sem allir helstu umsagnaraðilar/stofnanir og almenningur fengju málið til umsagnar. Það væri eðlilegt ef sveitarfélagið myndi á þessum tímapunkti leita leiðsagnar HMS um hvernig beri að standa að því að kynna þetta mál.

Með málinu á skipulagsgáttinni er litlar upplýsingar að finna og ber því að sama brunni hvað varðar álit Landverndar og Náttúrufræðistofnunar en í umsögn NÍ segir: **„Litlar upplýsingar um náttúrufar fylgja með umsókninni en að mati Náttúrufræðistofnunar þyrfti að taka út fuglalíf svæðisins og gera grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmdanna á gróður, fugla og seli.“**

Þá vill Landvernd ekki síst benda á alvarlega annmarka við kynningu þessa þar sem segir í skipulagsgáttinni undir „Framkvæmdaleyfi til kynningar“: **„Framkvæmdin er í samræmi við skilmála aðalskipulags.“**
Landvernd vill benda á að þessi framkvæmd er einmitt alls ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag. Hér virðist sem svo að fulltrúum sveitarfélagsins hafi láðst að lesa gildandi aðalskipulag https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=01634425497433387500.
Hér verður að benda á hið augljósa að meðan nýtt aðalskipulag hefur ekki verið staðfest þá gildir hið eldra sem er í fullu gildi. Um alvarlegan annmarka á verklagi er að ræða þar sem fulltrúar sveitarfélagsins styðjast ekki við gildandi skipulag. Ekki verður séð í fljótu bragði hvernig svo inngripsmikil framkvæmd á jafn viðkvæmum stað geti stutt við verndargildi svæðisins.

Þá verður ekki litið hjá fylgiskjali með málinu á skipulagsgátt sem er fundargerð heimastjórnar, en þar segir eftirfarandi orðrétt:
“Fyrir liggur svar umhverfisumhverfis- og framkvæmdaráðs við fyrirspurn íbúa á Djúpavogi um fyrirhugaða veglagningu sunnan við flugvöllinn á Egilsstöðum. Gert er ráð fyrir veginum í nýju Aðalskipulagi Múlaþings en ekkert deiliskipulag er á svæðinu. Framkvæmdin er talin styðja ákvæði hverfisverndar í nýju Aðalskipulagi Múlaþings og vera í samræmi við það markmið Cittaslow-stefnunnar að auka lífsgæði og ánægju íbúa. Þegar umsókn um framkvæmdaleyfi hefur verið skilað inn verður málið afgreitt samkvæmt viðkomandi lögum og reglugerðum, sem felur m.a. í sér að óskað verður umsagna viðkomandi stofnana.
Heimild fyrir losun á malbiksefni var ekki til staðar og verður það fjarlægt. Umhverfis- og framkvæmdaráði þykir miður að efnislosun á svæðinu hafi átt sér stað án leyfis og þakkar ábendinguna. Málinu er vísað til umfjöllunar hjá náttúruverndarnefnd (Heimastjórn Djúpavogs).
Niðurstaða: Heimastjórn Djúpavogs, sem jafnframt er náttúruverndarnefnd fyrir gamla Djúpavogshrepp, leggst ekki gegn framkvæmdinni en minnir á að ekki eigi að hefja framkvæmdir án framkvæmdarleyfis og leggur áherslu á að framkvæmdir hefjist ekki fyrr en að loknum varptíma, þ.e. eftir 15. júlí, og að reynt verði eftir fremsta megni að lágmarka umfang framkvæmdarinnar. Telur heimastjórn að umrædd framkvæmd muni hafa jákvæð áhrif á upplifun *íbúa og gesta af svæðinu fyrir utan þéttbýlið á Djúpavogi og tryggja aðgengi að fjöru og „eyjum“á svæðinu allan ársins hring. Gert er ráð fyrir umræddri framkvæmd í nýju aðalskipulagi Múlaþings. Samþykkt samhljóða.”*

Landvernd gerir sér grein fyrir því að um innsláttarvillu er að ræða í fundargerð heimastjórnar þar sem standa á Djúpivogur í stað Egilsstaða. Í annan stað kemur fyrir í miðri fundargerð um afgreiðslu þessa máls „heimild fyrir losun á malbiksefni“ o.s.frv., þ.e. annað ótilgreint mál sem er ekki skýrt nánar.
Þar sem um er að ræða einu efnislegu umfjöllunina sem er að finna frá sveitarfélaginu í fylgigögnum á skipulagsgáttinni hefði óneitanlega verið hjálplegra ef umfjöllun sveitarfélagsins um framkvæmdina og svæðið hefði verið innihaldsmeiri svo hægt væri að byggja á hver sýn fulltrúa sveitarfélagsins er í raun til verkefnisins.

Þá vill Landvernd minna á skyldur náttúruverndarnefnda sveitarfélaga sem eiga að vera viðkomandi sveitarfélögum til ráðgjafar. Í þessu máli ber náttúruverndarnefnd að kynna sér möguleg áhrif framkvæmdar á verndarsvæðið og þá þarf eðli málsins samkvæmt að láta rýna samhliða náttúrufar á svæðinu af viðkomandi sérfræðingum. Minna skal því á að þetta áhrifasvæði, sem í daglegu tali er kallað Nýjalón og bakkar þess, er ekki bara mikilvægt fyrir fugla í varplandi heldur er svæðið þekkt fyrir margar tegundir umferðarfugla að vori og hausti. Náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins verður því að taka hlutverk sitt alvarlega þegar fjallað er um framkvæmdir á verndarsvæðum sem þessum. Auk þessa hafa íbúar bent á að þar sem lífríkasta tjörnin er til staðar í dag, m.a. oft með mikið af óðinshanapörum og ýmsum andategundum, þá virðist sem svo að gera eigi ráð fyrir bílastæði beinlínis yfir þessa lífríku tjörn sem má segja að sé regluleg stoppistöð fuglaskoðara og annarra gesta. Í fundargerð heimastjórnar kemur fram að um veg sé að ræða en á skipulagsgátt er framkvæmdin kynnt sem slóði.
Á þessu er munur og mikilvægt að ekki sé reynt að gera minna úr áhrifum framkvæmdar með því að kalla hana slóða ef mögulega er um fullbúinn veg er að ræða. Íbúar hafa vakið máls á því að þar sem vegur á að liggja yfir tanga sem er endi á gömlum flugvelli þá er þar meðal annars þekktur varpstaður fugla.

Úr gildandi aðalskipulagi stendur um þetta svæði, sem er allt á b-hluta náttúruminjaskrár: *„Votlendi, tjarnir og fjörur á Búlandsnesi eru mikilvægt varpland votlendisfugla, m.a. mikið og fjölbreytt andavarp en þar verpa að minnsta kosti níu andartegundir og talsvert af öndum hefur þar viðkomu vor og haust. Svæðið fellur undir tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingu Álftafjarðar og Hamarsfjarðar.“*

Landvernd vill til viðbótar minna á nokkur tengd atriði sem sveitarfélagið er vinsamlega beðið að kynna sér nánar í tengslum við þetta mál og þá ekki síst náttúruverndarnefnd.

1. **Hverfisverndarsvæði telst verndarsvæði í skilningi umhverfismatsviðmiða.** Í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum beinlínis talin upp sem verndarsvæði. Þar eru einnig nefnd búsvæði, fuglabjörg og annað kjörlendi dýra sem sérstaklega viðkvæm svæði.

2. **Ef framkvæmdin samræmist ekki gildandi aðalskipulagi eða skilmálum hverfisverndar þarf aðalskipulagsbreytingu.** Skipulagslög segja að breyting á aðalskipulagi fari almennt í sömu málsmeðferð og gerð aðalskipulags; aðeins ef breyting er óveruleg má fara einfaldari leið, og við það mat skiptir máli hvort hún hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér eða áhrif á stór svæði/einstaka aðila. Framkvæmd sem fer að mestu um hverfisverndað svæði vegna fágæts fuglalífs er ólíkleg til að teljast óveruleg breyting.

3. **Deiliskipulags er einnig þörf ef ekki liggur fyrir heimild í aðalskipulagi.** Deiliskipulag á að gera fyrir svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og þar eru teknar ákvarðanir um lóðir, landnotkun, mannvirki og skipulagsforsendur fyrir byggingar- og framkvæmdaleyfum. Fyrir veg, bílastæði, ferðamannaálag og verndarskilmála á viðkvæmu svæði er deiliskipulag mun eðlilegri farvegur en grenndarkynning.

4. **Náttúruverndarlög styrkja kröfuna um vandaða málsmeðferð.** Markmið laganna er m.a. að vernda líffræðilega fjölbreytni, vistgerðir og tegundir. Ef svæðið fellur undir sérstaka vernd, t.d. votlendi 20.000 m² eða stærra, þarf að forðast röskun nema brýna nauðsyn beri til; leyfisveitandi þarf að leita umsagna og rökstyðja sérstaklega ef leyfi er veitt þrátt fyrir neikvæðar umsagnir. Við deiliskipulag á náttúruverndarsvæðum eða svæðum sem njóta sérstakrar verndar skal leita umsagnar Náttúruverndarstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins.

Minnt skal hér á nokkur atriði í gildandi aðalskipulagi sem eiga sérstaklega við um verndarsvæðin á Búlandsnesi og sérstaklega þar sem áformað framkvæmdasvæði er ætlaður staður.
https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=01634425528477293750

2. Búlandsnes

Gert er ráð fyrir hverfisvernd á Búlandsnesi, sem markast að vestanverðu af fjöru við Kolþúfutanga í suðri og fylgir fjöruborði 50 m inn í land að Straumsnöfum, mitt á milli Hundavogs og Jakobsvogs. Þaðan liggja mörkin í beinni línu í norðaustur vestan Borgargarðsvatns að þéttbýlismörkum við vesturmörk lóðar Djúpavogskirkju og áfram með þéttbýlismörkum að Mönnutanga við austanverðan Djúpavog.
Undanskilið hverfisvernd er þó flugbraut, verslunar- og þjónustusvæði við norðurenda flugbrautar, nytjagarðar og vegir á svæðinu.
Um er að ræða einstaka tiltölulega óraskaða landslagsheild nærri þéttbýli.
Á svæðinu er m.a. að finna mörg fjölbreytileg vötn, bæði ferskvötn og ísölt vötn, sjávarkletta, klettabelti, sendnar fjörur, mólendi, eyjar, flæðilönd og eyrar. Á svæðinu er mjög tegundaríkt fugla- og dýralíf, auk menningarminja með mikið fræðslu- og rannsóknargildi. Gæta verður þess að svæðið haldi gildi sínu og eiginleikum.

Sérlega áhugaverð svæði á Búlandsnesi eru eftirfarandi:

a. Borgargarðsvatn
Vatn (um 6 ha að stærð) á vestanverðu nesinu. Um er að ræða tegundaríkt fuglasvæði, líkt og á við um önnur vötn á Búlandsnesi. Vatnið er árlegur viðkomustaður margra fuglategunda. Vatnið þykir kjörinn staður fyrir áhugamenn um fuglaskoðun og hefur sem slíkt mikið fræðslugildi.

b. Bóndavörðuvatn
Vatn (um 1,4 ha að stærð) austan megin á Búlandsnesi sunnan við Langatanga og skammt austur af Bóndavörðuhrauni. Mikið fuglalíf er á Bóndavörðuvatni sem skýrist að hluta til af töluverðu sefi í og við vatnið vestanvert. Flórgoði og lómur verpa þar að jafnaði ásamt nokkrum andategundum.

c. Breiðivogur
Vatn (um 8 ha að stærð) rétt sunnan við Fýluvog. Vatnið er að hluta til salt þar sem á stórstraumsflóði rennur sjór þvert yfir Grunnasund og í Breiðavog. Vatnið er nokkuð einkennandi fyrir ákveðnar tegundir fugla sem hafa þar fasta árlega viðkomu og eða verpa á svæðinu. Við Breiðavog má oft sjá fugla eins og brandendur, toppendur svo og aðrar tegundir andfugla.

Tafla 35. Flokkun svæða utan þéttbýlis sem aðalskipulagstillaga gerir ráð fyrir að njóti hverfisverndar.

	Jarð-myndanir	Lífríki	Menningar-minjar	Útsýnis-staður
Hálsar og Hálsarætur	**X**		**X**	**X**
a. Bjargarrétt			X	
b. Gamli bærinn að Búlandsnesi			X	
c. Hálsþorp	X		X	
d. Kambar í Kambshjáleigu	X			
Búlandsnes	X	X	X	
Eyfreyjunes – Sandbrekka		X		
Geithelladalur	X	X		
Hrómundarey			X	
Íbúðarhús af sérstakri gerð			X	
Rauðaskriða	X			
Sjávarbakki norðan Æðarsteinsvita		X		
Starmýrarteigar		X		
Svartagil	X			
Svæði sem stefnt er á að friðlýsa	X	X	X	
Tóftir í landi Lindarbrekku			X	
Þvottáreyjar		X	X	

Hér á eftir eru talin upp þau svæði og fyrirbæri, sem greint er frá í töflu 35 og gerð er tillaga um að hverfisvernda. Settur fram rökstuðningur fyrir þeim tillögum og þær meginreglur sem gilda um hvert svæði eða fyrirbæri fyrir sig.

k. Nýjalón

Grunnt vatn (um 16 ha að stærð) sem tók að myndast og stækka ört eftir 1980. Vatnið er við langhlið flugvallar, skammt frá Fýluvogi og Breiðavogi og teygir sig vestur að Hrísey. Fjölbreytt lífríki er á Nýjalóni en þar má meðal annars sjá kríu í varpi í hólma vestan við flugbraut. Þá halda álftir og grafendur ásamt öðrum andategundum sig oft á Nýjalóni og inn af svokölluðum Selabryggjum sem liggja við norðurenda lónsins. Gerð er tillaga um hverfisvernd á útlandi Búlandsness vegna landslagsheildar, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Mikilvægt er að landslagi sé ekki spillt og verður því öll hugsanleg mannvirkjagerð á svæðinu að falla vel að landslagi þess og taka fullt tillit til jarðmyndana og lífríkis. Gæta þarf þess að vatnabúskap sé ekki spillt. Þá ber að vinna að endurheimt votlendis á svæðinu.



Mynd 33. Helstu svæði í dreifbýli sem njóta hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020.

Lokaorð

Landvernd vill vinsamlega hvetja sveitarfélagið Múlaþing til að endurskoða áformað verkefni með hliðsjón af margháttuðum umhverfisspjöllum sem munu óhjákvæmilega hljótast af. Íbúar hafa bent á lausnir sem eru meðal annars fólgnar í því að flugvöllur sem átti að byggja upp er löngu aflagður sem sjúkraflugvöllur og hefur því ekkert gildi sem slíkur. Í annan stað eru einkaflugvélar sífellt fátíðari og á ársgrundvelli eru þær taldar mögulega 1–3 sem lenda á þessari braut. Íbúar virðast flestir gera sér grein fyrir þessari stöðu miðað við samtöl og því hafa ábendingar komið um að eina raunverulega lausnin á þeirri stöðu sem sveitarfélagið er að vinna með sé að kalla eftir því að flugvöllurinn verði aflagður eins og nær því öll önnur sveitarfélög hafa gert enda stenst þessi flugvöllur engin viðmið í dag, hvorki hvað lengd varðar né öryggi. Samkvæmt gögnum frá ÍSAVÍA var síðasta sjúkraflug á Djúpavogsvelli árið 2006. Flestir sem hafa haft samband við Landvernd eru á því að það liggi beinast við færa umferð akandi á þennan aflagða flugvöll og þannig geti sveitarfélagið sparað mikla fjármuni við nýjan veg sem á að koma til hliðar við völlinn út í vatn og viðkvæmt lífríki. Um leið verður komið í veg fyrir stórkostlegt umhverfisrask á svæðinu með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á þetta einstaka svæði sem íbúar Djúpavogs eiga og njóta til upplifunar og afþreyingar hvers konar. Landvernd vill að síðustu nota tækifærið og hrósa samfélaginu á Djúpavogi fyrir innleiðingu á mörgum góðum verkefnum í gegn um árin sem vakið hafa athygli og nægir þar að nefna metnaðarfulla umhverfis- og náttúruverndarstefnu og svo síðast en ekki síst Cittaslow en allt hefur þetta skapað svæðinu mjög jákvæða ímynd.

Með vinsemd og virðingu.

Formaður Landverndar: Þorgerður María Þorbjarnardóttir